# Skautasamband Íslands: Reglugerð

## Reglugerð um aðildar og iðkendagjald

Aðildarfélög ÍSS greiða árlegt aðildargjald til ÍSS sem er föst upphæð ákveðin af stjórn ÍSS.

Gjalddagi aðildargjalda er 1. september ár hvert.

Iðkendur aðildarfélaga ÍSS skulu greiða iðkendagjald. Aðildarfélög skulu innheimta gjaldið af iðkendum sínum og greiða það til ÍSS. Iðkendagjald er föst upphæð sem ákveðin er af stjórn ÍSS.

Gjalddagi iðkendagjalda er einu sinni á hvorri önn, 1. desember og 1. maí, ár hvert fyrir hvern iðkanda. Iðkendagjald miðast við skráða iðkendur aðildarfélaga í ársskýrslum. Komi fram misræmi milli greiddra iðkendagjalda og skráðra iðkenda skv. ársskýrslu skal slíkt leiðrétt fyrir 15. júní ár hvert.

ÍSS styðst við skilgreiningu um iðkendur í reglugerð ÍSÍ um félaga-, iðkenda- og keppendatal.